

Kæru foreldrar og forráðamenn

Varðandi fyrirhuguð verkföll

- Starfsmannafélag Kópavogs (SFK) og Efling hafa boðað verkföll 9. og 10. mars, 17. og 18. mars, 24. og 26. mars. og 31. mars og 1. apríl og ótímabundið frá 15. apríl. Áhrif mögulegra verkfalla er mjög mismunandi milli stofnana eftir fjölda starfsmanna í hvoru félagi.
- Starfsmenn Eflingar hafa boðað ótímabundið verkfall frá og með mánudeginum 9. mars og hefst það kl. 12:00. Starfsmenn Eflingar sinna m.a. ræstingum og gæslu nemenda í frímínútum.
- Starfsmenn SFK hafa boðað verkfall á tilteknum dagsetningum, þar á meðal 9. og 10. mars. Starfsmenn SFK er m.a. húsvörður, ritari, skólaliðar, stuðningsfulltrúar og starfsmenn í mótuneyti.
- Ekki verður innheimt fyrir þjónustu sem fellur niður vegna verkfalls.
- Ef til verkfalls kemur þá munu **áhrif verkfalls í Snælandsskóla** m.a. verða með eftirfarandi hætti

Mánudagur 9. mars og þriðjudagur 10. mars

Mötuneyti

Mötuneyti verður lokað frá mánudeginum 9. mars. Nemendur þurfa að koma með nesti í skólann.

Við ítrekum að skólinn er hnetulaus vegna bráðaofnæmis nokkurra nemenda og því mikilvægt að nesti innihaldi ekki hnetur eða hnetuafurðir.

Ritari

Foreldrar eru beðnir um að skrá veikindi í gegnum Mentor. Símsvörun verður í lágmarki.

Stuðningsfulltrúar

Stuðningur sem veittur hefur verið af stuðningsfulltrúum fellur niður.

Ræsting skólaliða

Engin ræsting fer fram á svæðum sem skólaliðar sinna frá og með hádegi mánudeginum 9. mars.

Gæsla skólaliða

Frímínútnagæsla sem veitt er af skólaliðum fellur niður frá og með mánudeginum 9. mars.

Frístund

Frístund verður lokað frá og með mánudeginum 9. mars.

Félagsmiðstöð

Félagsmiðstöð verður lokað þá daga sem SFK er í verkfalli.

Íþróttir

Íþróttahúsið í Fagralundi verður lokað og íþróttir því kenndar úti eða í öðrum rýmum. Nemendur sem eiga að vera í íþróttum þessa daga þurfa að koma klæddir til útiveru.

Miðvikudagur 11. mars

Mötuneyti

Mötuneyti verður áfram lokað. Nemendur þurfa að koma með nesti í skólann. ***Við ítrekum að skólinn er hnetulaus vegna bráðaofnæmis nokkurra nemenda og því mikilvægt að nesti innihaldi ekki hnetu eða hnetuafurðir.***

Ræsting

Engin ræsting fer fram á svæðum sem skólaliðar sinna.

Gæsla skólaliða

Frímínútnagæsla sem veitt er af skólaliðum fellur niður.

Frístund

Frístund verður áfram lokað.

Fimmtudagur 12. mars

Nánari upplýsingar berast síðar.